



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps 39. fundur- aukafundur

Haldinn að Hlíðavegi 6, mánudaginn 11. júlí 2016, kl 13:00.

Mætt: Sigurður G. Böðvarsson, Helgi Héðinsson, Elísabet Sigurðardóttir sem

varamaður Friðriks Jakobssonar, Arnheiður Rán Almarsdóttir sem varamaður Guðrúnar Ólafíu Brynleifsdóttur og Yngvi Ragnar Kristjánsson oddviti sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning
2. Sorpflokkunarsvæði í landi Grímsstaða. Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023

Afgreiðslur

1. Oddviti setti fund.
2. Tekið fyrir að nýju erindi dags 6. apríl 2016 frá Jóni Óskari Péturssyni, sveitarstjóra, f.h. Skútustaðahrepps þar sem óskað er eftir að gerðar verði breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 þar sem gert verði ráð fyrir nýjum landnotkunarreit undir sorpflokkunarsvæði/gámavöll í landi Grímsstaða við afleggjarann að Rönd. Fyrir liggur samþykki landeigenda Grímsstaða.
Breytingartillagan hefur verið til umfjöllunar í sveitarstjórn og skipulagsnefnd og hefur fengið málmeðferð skv. 1. og 2. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsnefnd fól skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna tillöguna fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og 2. mgr. 30. gr skipulagslaga nr 123/2010 mælir fyrir um, og var hún kynnt á opnu húsi á skrifstofu Skútustaðahrepps 5. júlí s.l. Ekki komu neinar athugasemdir á kynningunni.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 vegna nýs sorpflokkunarsvæðis í landi Grímsstaða. Sveitarstjórn felur skipulags- og byggingarfulltrúa að senda breytingartillöguna til Skipulagsstofnunar til athugunar eins og 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um áður en hún verður auglýst skv. 1. mgr. 31. gr fyrrgreindra laga.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl 13:20


Yngvi Ragnar Kristjánsson


Helgi Héðinsson


Arnheiður Rán Almarsdóttir


Sigurður G. Böðvarsson


Elísabet Sigurðardóttir